

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1975 um Launasjóð rithöfunda og öðlast þegar gildi.

Gildistími reglugerðarinnar er þrjú ár.

Bráðabirgðaákvæði.

Úthlutun árið 1976 skal lokið fyrir 15. ágúst þ. á.

Menntamálaráðuneytið, 9. júní 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 160 29. nóv. 1956, um takmörkun leigubifreiða á Akureyri og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akureyri skal á hverjum tíma miðast við íbúatölu Akureyrar, þannig að ein leigubifreið komi á hverja 500 íbúa. Reikna skal með tölu þeirra íbúa, sem lögheimili eiga á Akureyri samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þar til rétt hlutföll samkvæmt framsögðu eru fengin skal úthluta fimmta hverju leyfi, er losnar og einu leyfi, fyrir hverja 500 íbúa fjölgun.

Leyfi þeirra manna, sem við gildistöku reglugerðarinnar fá atvinnuleyfi, en ekki hafa akstur leigubifreiða að aðalatvinnu, skulu ekki endurveitt öðrum.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framsögðu.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 178 23. júní 1968.

Samgönguráðuneytið, 31. maí 1976.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 186 6. júní 1973, sbr. reglugerð nr. 358 17. júlí 1975 um Vatnsveitu Búðardals.

1. gr.

10. gr. orðist svo:

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr og til næstu vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur